



Reykjavíkurborg

Lagt fyrir 404. fund velferðarráðs og 211. fund skóla- og frístundaráðs 8. júní 2021

VEL2021060009

SFS2019090155

RÁ/HG

## Tillaga

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð og velferðarráð

**Sendandi:** Stýrihópur um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustuþarfir (Ísak).

---

**Efni tillögu:** *Rafvæðing umsóknarferlis skólaþjónustu og endurskoðun verklags út frá notendamiðaðri hönnun*

Lagt er til að hafinn verði undirbúningur að rafvæðingu á umsóknarferli um skólaþjónustu þar sem ferlið verður endurskoðað í heild sinni út frá þörfum notenda. Markmiðið verði að auðvelda aðgengi skóla og foreldra að skólaþjónustu og að einfalda samskipti bæði skóla og foreldra barna við skólaþjónustu. Verkið verði unnið í hönnunarsprettum. Verkferlar verði samræmdir í skólaþjónustunni þannig að hún sé sambærileg um alla borg. Verkefnisstjórn hefur yfirumsjón með ferlinu.

### **Greinargerð:**

Stór þáttur í að efla þjónustu sem stendur börnum og aðstandendum þeirra til boða hjá Reykjavíkurborg er að leita leiða til að gera hana aðgengilegri og skilvirkari. Endurskoðun þjónustuferla þar sem notendur þjónustunnar sem og starfsfólk koma að vinnunni hefur reynst vel á velferðarsviði en sviðið hefur nú þegar í samvinnu við þjónustu- og nýsköpunarsvið borgarinnar rafvætt tvo þjónustuferla þar sem allt umsóknarferlið var endurskoðað út frá notendamiðaðri hönnun.

Lagt er til að allir verkferlar, sem og árangursmælikvarðar og aðgengi að þjónustunni, verði endurskoðaðir út frá notendamiðaðri hönnun. Velferðarsvið og skóla- og frístundasvið vinni verkið í samstarfi við þjónustu- og nýsköpunarsvið en hið síðast nefnda sér um rafvæðingu umsóknarferla fyrir öll svið Reykjavíkurborgar.

Með nýrri velferðarstefnu og löggjöf um farsæld barna gefast tækifæri til endurskilgreiningar á þjónustunni og framkvæmd hennar, t.d. út frá skilgreiningu á hlutverki ríkis og sveitarfélaga og

ríkari forgangsröðun þeirra verkefna sem talin eru best geta mætt þörfum barna/fjölskyldna og skóla.

Verkefnisstjórn, sem lagt er til að verði stofnuð til að undirbúa aðgerðir vegna frumvarps félags- og barnamálaráðherra um farsæld barna og tillagna stýrihópsins Ísaks, hafi einnig umsjón með framkvæmd ofangreindrar tillögu. Sjá nánar tillögu nr. 6 frá stýrihópi um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustubarfir (Ísak).